

## Skólanefndarfundur 6.maí 2020

Fundur settur 16:04

Mættir: Valgerður, Halldór, Arna, Ásta, Kolbrún Ada, Guðrún María, Hjálmar Bogi, Sigurgeir, Helena Eydís

Fjarverandi: Birgitta Bjarney

Á dagskrá er eftirfarandi:

1. Skólahald á tímum Covid 19
2. Árskýrsla og ársreikningur 2019
3. Skóladagatal 2020-2021
4. Verklegar framkvæmdir
5. Önnur mál

### 1. Skólahald á tímum Covid 19

Valgerður fer yfir skólahaldið á tímum Covid 19.

Skólinn með hefðbundnum hætti lagðis af um miðjan mars og við tók fjarkennsla. Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel og mörgum kennurum skilt að taka í sín fyrstu skref í fjarkennslu sem á eftir að nýtast þeim vel í framtíðinni. Vikulegir kennararfundir voru nýttir til að fara yfir stöðu nemenda í fjarnáminu og kennarar og námsráðgjafi voru stöðugt í sambandi við nemendur og sérstaklega þá sem ekki voru að sinna náminu nægilega vel. Eftir páska hittu kennarar sína nemendur í hverjum áfanga fyrir sig einu sinni í viku og það hefur einnig reynst vel.

Í dag var síðasti kennsludagur og nú tekur við upplestrarfrí og fyrsta próf er á föstudaginn 8.maí.

Útskrift verður 23.maí með óhefðbundnum hætti. Halldór sendi öllum útskriftar nemendum tölvupóst og óskaði eftir upplýsingum um hve marga einstaklinga nemendur vildu taka með sér á athöfnina á útskriftardaginn og hvort áhugi væri fyrir að tvískipta athöfninni.

Niðrustaðan var sú að nemendur vilja halda útskrift 23.maí og ekki skipta henni upp en hverjum nemenda stendur til boða að taka með sér tvo einstaklinga að því gefnu að ekki þurfi að fá utan að komandi tónlistaratriði. Útskriftinni verður streymt.

Guðrún María sem formaður nemendaráðs og nemandi við FSH segir að henni hafi gengið vel í fjarnáminu.

Starfsfólk skólans hefur staðið sig virkilega vel og allir boðnir til að gera sitt allra besta til að koma til móts við allar þarfi ólíkra nemenda.

Á meðan fjarnám fór fram í samkomubanni fékk Borgarhólsskóli að nýta sér húsnæði FSH sem kom þeim til góðs.

### 2. Árskýrsla og ársreikningur 2019

Sjá ársskýrslu og ársreikning Framhaldsskólans á Húsavík 2019.

Það var halli upp á rétt tæpar 10 milljónir á árinu 2019 en það kemur til vegna kaupa á húsgögnum og búnaðar sem var farið að sárlega vanta (borð, stólar, nuddbekkir, kennaraborð, skjávarpar, tölvur, hljóðkerfi, húsgöng á starfsbraut, muflur á skrifstofur skólameistara og aðstoðarskólameistara var fjárfest í svo stiklað sé á stóru).

Árinu 2018 var lokað með rúmlega 20 milljónakróna afgangi sem var nýttur upp í halla vegna 2019 og stendur því hrein eign ársins 2019 í rúmum 5 milljónum.

Spurningar varðandi rekstur næsta skólaárs:

Útlit er fyrir að á næsta ári verða enn færri nemendur í FSH– það vekur fjárhagsáhyggjum.

Heilsunuddbrautin gengur áfram en er ekki grundvöllur fyrir tækni/tölvu námi einhverskonar?

- Annar hópur mun fara af stað á heilsunuddbraut við FSH haustönn 2020. Í samstarfi við fjarmenntaskólana er verið að vinna að verkefni við innleiðingu verknáms í þeim skólum og málaraíðni fékk flest atkvæði til að taka í FSH og núþegar hefur Guðmundur málaramestari sagt já við þessari bön en þetta er allt enn á frumstigi. Eins hefur listnám verið nefnt. Þetta er opið fyrir okkur að ganga inni þetta samstarf. FSH vill einnig bjóða uppá meira tónlistarnám og meta það inn til eininga.

### 3. Skóladagatal 2020-2021

Skóladagatal lagt til kynningar og það samþykkt.

180 kennslu og námsmatsdagar eru á næstu önn.

Kennarar mæta til starfa 17.ágúst, skólastjórnendur verða mættir fyrr og kennsla hefst 19.ágúst.

### 4. Verklegar framkvæmdir

Búið er að endurnýja allar hurðir á kennaragangi, dúk á kennaragangi einnig flísar í forstofu og niður stiga í forstofu. Baðherbergi á neðrihæð húsnæðis FSH tekið í gegn og þar sett sturta sem hugsað er fyrir starfsfólk skólans. Innrétting var keypt fyrir ljósritunar aðstöðu og skápar þar til móts einnig.

Nú er bókasafn, skrifstofa fjármálastjóra og ræstikompa eru í vinnslu.

Kennaraálman verður máluð að utan í sumar.

Næsta vetur verður farið í að breyta kvikmynda stofu FSH í fyrirlestrarsal með 50 sætum.

Búið er að samþykja tengingang á annarri hæð sumarið 2021.

### 5. Önnur mál

1. Vinnsla á nýrri heimasíðu FSH er hafin og stefnt er að því að opna hana fyrir byrjun haustannar 2020.

2. Verið er að vinna að því að fá jafnlaunavottun, ágreiningur hefur verið í samstarfi FSH við Versavottun. En verið er að vinna sig uppúr því og stefnt er á jafnlaunavottun í haustið 2020.

3. Kennsluvefur verður lagður af eftir þessa önn vegna persónuverndarsjónarmiða hýsingaraðila og FSH er að velta fyrir sér hvernig eigi að bregðast við því.

4. Í upphafi næstu annar mun vera tekið hart á því að enginn megi mismuna nemendum vegna kyns.

5. Prófatíð verður með óhefðbundnum hætti og brugðist hefur verið við því með því að hækka próftöku tíma úr 1,5 klst í 2 klst og lokapróf verða með ýmsum hætti t.d með heimaprófum á kennsluvef, lokaverkefni, kaflaprófum og öðru eftir því hvað hver og einn kennari telur vera mest viðeigandi í sínum áföngum.

Ekki fleirri önnur mál.

Fundi slitið